



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfsseignarstofnun

## Móttökuáætlun Skóla Ísaks Jónssonar fyrir nemendur af erlendum uppruna sem tala litla/enga íslensku

Þegar sótt er um skólavist fyrir nemendur af erlendum uppruna sem tala litla/enga íslensku hefur skólastjóri samband við foreldra og býður þeim til sérstaks móttökufundar. Á fundinum er farið í gegnum ýmsar grunnupplýsingar um námið, skólastarfið, skólasamfélagið og þá þjónustu sem boðið er upp á. Aflað er upplýsinga um bakgrunn og stöðu nemandans skv. móttökuferli um móttöku innflytjenda í grunnskólum Reykjavíkur sem sjá má í Handbók Menntasviðs: <http://www.reykjavik.is/mottokuaetlun-vegna-barna-med-islensku-sem-annad-tungumal>

Forráðamönnum og nemanda er boðið í kynnisferð um skólann og starfsmenn kynntir. Skólastjóri metur hvort boða þurfi túlk á fundinn og kannar hvort foreldrar séu samþykkir því að nýta túlk. Skólastjóri ber ábyrgð á móttöku erlendra nemenda í samvinnu við umsjónarkennara. Umsjónarkennari nemandans fær þær upplýsingar um nemandann sem liggja fyrir. Á grundvelli þeirra leggur hann drög að því hvernig unnið verður með nemandanum. Umsjónarkennari ber höfuðábyrgð á því að starfsmenn og bekkjarfélagar viti af og búi sig undir komu nýja nemandans. Umsjónarkennari vinnur í samvinnu við sérkennslustjóra og þeir útbúa einstaklingsáætlun.